


Alþingi
Erindi nr. P 136/1321
komudagur 19.3.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18.03.2009

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um framleiðslu köfnunarefnisáburðar, 110. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að ríkisstjórnin hefji könnun á hagkvæmni áburðarframleiðslu hér á landi og eftir atvikum að kanna leiðir til fjármögnunar á slíkri framleiðslu. Bent er á að hér er um að ræða áhætturekstur, sem miklu betur er kominn í höndum einkaaðila, reynist um að ræða arðbæra framleiðslustarfsemi. Áburðarverð sveiflast mjög mikið á heimsmarkaði og það verð sem nú er í boði er allt annað en það sem rætt er um í greinargerð með tillögunni. Miklu nær væri fyrir stjórnvöld að einbeita sér að almennum efnahagsaðgerðum s.s. að lækka almennt vaxtastig í landinu, afnema gjaldeyrishöft og tryggja að hér á landi sé vel fjármagnað bankakerfi með greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Fyrir þessu atriði hafa komist í viðunandi horf er nánast útilokað að unnt sé að byggja hér upp arðbæran rekstur og á það jafnt við um áburðarframleiðslu sem aðra starfsemi.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson
forstjórnarmaður stefnumótunar- og samskiptasviðs